



Flutningstryggingar (B)

Vátryggingarskilmálar nr. MC20

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. MC20.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Flutningsaðili
5. Bótasvið
6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
7. Varúðarregla
8. Brot á varúðarreglu
9. Upphaf og lok ábyrgðar
10. Samsömun
11. Áhættubreyting
12. Greiðsla iðgjalds
13. Vátryggingarfjárhæð
14. Eigin áhætta
15. Algert tjón
16. Ákvörðun bóta
17. Undirtrygging
18. Tvítrygging
19. Framsal
20. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

- 1.1 Vátryggingin tekur til þess farms sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini og/eða farmtryggingarsamningi.
- 1.2 Hægt er að vátryggja aukid verðmæti farms.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi farms er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í farminum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir í flutningi til og frá þeim stöðum sem koma fram í vátryggingarskírteini og/eða farmtryggingarsamningi.

4. Flutningsaðili

Vátryggingin gildir eingöngu þegar farmur er fluttur með viðurkenndum flutningsaðila.

5. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum:

- 5.1 Elds eða sprengingar.
- 5.2 Þess að skip eða flutningsfar strandar, tekur niðri, sekkur eða hvolfir.
- 5.3 Þess að flutningstæki á landi hvolfir eða fer út af spori.
- 5.4 Þess að skip, flutningsfar eða flutningstæki rekst á eða snertir fastan eða fljótandi ytri hlut.
- 5.5 Losunar á farmi í neyðarhöfn.
- 5.6 Jarðskjálfta, eldgoss eða eldingar.
- 5.7 Samtjónsfórnar.
- 5.8 Þess að farmi er varpað fyrir borð eða honum skolar fyrir borð.
- 5.9 Þess að sjór eða ósalt vatn úr stöðuvatni eða á kemst í skip, flutningsfar eða flutningstæki, gáma, flutningsvagna eða geymslustað.
- 5.10 Algers tjóns á sjálfstæðum einingum sem falla fyrir borð eða detta niður við lestun eða losun skips, flutningsfars eða flutningstækis.

Vátrygging bætir einnig:

- 5.11 Samtjónsframlög og björgunarkostnað sem jafnað er niður eða ákveðinn er samkvæmt flutningssamningnum og/eða gildandi lögum og venjum og stofnað er til í þeim tilgangi að forðast hvers konar tjón.
- 5.12 Tjón vátryggðs vegna endurkröfu sem kann að falla á hann sem eiganda farms vegna sérreglu um ábyrgð í beggja sök í árekstri (Both to Blame Collision Clauses) í flutningssamningi.



Vátryggingin bætir ekki tjón á hinum vátryggða hlut vegna:

- 5.13 Venjulegs leka, venjulegrar rýrnunar í þunga eða rúmmáli, eðlilegs slits eða tæringar á hinu vátryggða.
- 5.14 Innri skemmdar eða eðlis hins vátryggða.
- 5.15 Tafar, jafnvel þótt hún hafi orðið vegna bótaskylds tjóns. Þetta gildir þó ekki um kostnað sem fellur undir gr. 5.11 hér að framan.
- 5.16 Gjaldþrots eða fjárhagslegra vanefnda eiganda skips, leigutaka eða rekstraraðila þess.
- 5.17 Skemmdarverka.
- 5.18 Farbanns, fartafar eða kyrrsetningar eða tilrauna til slíks og afleiðinga sem af því stafa.
- 5.19 Tundurdufla, tundurskeyta, sprengja eða annarra yfirgefina stríðsvopna.
- 5.20 Hryðjuverka eða pólitískra aðgerða.

6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 6.1 Skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara, sbr. þó gr. 5.6.
- 6.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 6.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

7. Varúðarreglur

- 7.1 Vátryggður skal sjá til þess sjálfur eða í samráði við seljanda vöru og/eða flutningsaðila að umbúðir og frágangur vöru til flutnings sé fullnægjandi með hliðsjón af því sem verið er að flytja.
- 7.2 Ef vátryggður eða menn í hans þjónustu vita að senda á farm með skipi sem er óhaffært eða flutningsfari, flutningstæki, gámi eða flutningsvagni sem óhæfur er til öruggs flutnings skulu þeir sjá um að hið vátryggða sé ekki sent af stað.

8. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild sinni eða að

hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Upphaf og lok ábyrgðar

- 9.1 Vátryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn, þ.e. þegar hið vátryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum sem nefndur er í v'stryggingarskírteini og heldur gildi á venjulegri flutningsleið til ákvörðunarstaðar.
- 9.2 Vátryggingunni lýkur við það sem fyrst gerist af þessu þrennu:
 - 9.2.1 Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í vátryggingarskírteini.
 - 9.2.2 Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum og á leið þangað, þótt ekki sé um venjulega flutningsleið að ræða, enda hafi vátryggður valið þann stað til geymslu, sölu eða dreifingar.
 - 9.2.3 Sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.
 - 9.2.3.1 Ef hið vátryggða er losað í endanlegri uppskipunarhöfn og ákveðið verður áður en vátryggingunni lýkur að senda það annað en til ákvörðunarstaðarins, þá lýkur vátryggingunni eins og kveðið er á um hér að framan, en þó aldrei síðar en þegar flutningurinn til nýja ákvörðunarstaðarins hefst.
 - 9.2.3.2 Ef töf verður á ferð sem vátryggður fær ekki um ráðið, svo og þegar vikið er af leið, losað er í neyð, endurlestað eða umskipað eða meðan á sérhverri breytingu á ferð stendur. Ef þetta á sér stað samkvæmt heimild í flutningssamningi við eiganda skips eða leigutaka þess heldur vátryggingin gildi sínu með sömu ákvæðum um slit hennar eins og að ofan greinir og ákvæðum í gr. 9.3 hér á eftir.
- 9.3 Ef flutningnum verður slitið áður en honum átti að ljúka eða flutningnum lýkur á annan hátt áður en hið vátryggða kemst til skila á ákvörðunarstaðnum, sbr. gr. 9.2, hér að framan og vátryggður fær engu um þetta ráðið þá lýkur vátryggingunni um leið, nema vátryggður tilkynni félaginu þegar í stað um það hvernig komið er og biðji um framlengingu á vátryggingarsamningnum og heldur þá vátryggingin gildi sínu gegn viðbótariðgjaldi ef krafist verður:
 - 9.3.1 Þar til hið vátryggða er selt í slíkri höfn eða í 60 daga eftir komu hins vátryggða til slíkrar hafnar eða staðar, hvort heldur fyrr verður.
 - 9.3.2 Ef hið vátryggða er sent áfram innan nefndra 60 daga til ákvörðunarstaðar sem nefndur er í vátryggingarskírteini eða annars



ákvörðunarstaðar þar til vátryggingunni lýkur í samræmi við ákvæði gr. 9.3 hér að framan.

- 9.4 Ef vátryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að vátryggingin hófst skal hann tilkynna það félaginu tafarlaust. Félagið mun þá halda vátryggingunni í gildi með þeim breytingum á skilmálum og iðgjaldi sem um semst.

10. Samsömun

- 10.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi umsjónarmanns hins vátryggða farms.

11. Áhættubreyting

Ef breyting verður á flutningsleið eða flutningsfari og það getur haft í för með sér aukna áhættu á tjóni skal tilkynna það félaginu tafarlaust. Um réttaráhrif áhættuaukningar fer eftir ákvæðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Greiðsla iðgjalds

- 12.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 12.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

13. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini.

14. Eigin áhætta

- 14.1 Eigin áhætta í hverju tjóni kemur fram í vátryggingarskírteini og/eða farmtryggingarsamningi.
- 14.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað, þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

15. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ef hið vátryggða hefur verið yfirgefið, annaðhvort vegna þess að algert tjón á því virtist óumflýjanlegt eða kostnaður við að bjarga því, gera við það og senda það áfram til

ákvörðunarstaðar vátryggingarinnar fer fram úr verði þess þar.

16. Ákvörðun bóta

- 16.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 16.2 Sé aukið verðmæti farms vátryggt bætist það í sama hlutfalli og hinn vátryggði farmur.
- 16.3 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 16.4 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 16.5 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.
- 16.6 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

17. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega

18. Tvítrygging

- 18.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 18.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 18.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

19. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

20. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik



sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.